

Skólaráðsfundur GRV

Kl. 12:30 þriðjudaginn 3. des .

Mættir voru: *Andrea Atlad., Anna Rós., Guðbjörg Sól Sindrad., Helga Jóhanna Harðard., Kolbrún Matt., Kristín Hartmannsd., Reynir Þór Egilsson og Kolbrún Kjartansdóttir, Bragi Magnússon*

Ritari:

1.mál

Kynning ráðsins og skipaður ritari.

Að miklu leyti sama skólaráð og í fyrra.

Anna Rós Hallgrímsdóttir skólastjóri

Helga Jóhanna Harðardóttir kennari

Kolbrún Matthíasdóttir kennari kemur í stað Ragnheiðar Borgþórsd.

Sigurlína Sigurjónsdóttir starfsmaður skóla

Andrea Atladóttir foreldri

Kristín Hartmannsdóttir foreldri

Reynir Þór Egilsson nemandi- Sindri Þór Friðriksson er útskrifaður

Guðbjörg Sól Sindradóttir nemandi

Bragi Magnússon fulltrúi grendarsamfélags

Varamenn:

Daníel Geir Moritz kennari

Ingunn Arnórsdóttir starfsmaður skóla

Kolbrún Kjartansdóttir foreldri

2.mál

Reglur skólaráðs

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

3. mál

Fyrirkomulag fundaritunar og fundartímar fyrir skólaárið kynntir.

Kosning ritara: *Helga Jóhanna*

Áætlað var að hafa tvo fundi fyrir áramót og tvo eftir áramót (tvo á hvorri önn). Skólastjóri sér um að boða til fundar með tölvupósti og óska eftir staðfestingu. Hafi meðlimir ráðsins ábendingar um umræðuefni skal senda Önnu Rós þær í tölvupósti.

4.mál

Niðurstöður samræmdra prófa. Glærुकyning

<https://docs.google.com/presentation/d/1PJi7K4HmZNNHgpyNzxm8u9P4e3u8cPccxgiiFM6vHYw/edit#slide=id.p>

Hvernig gekk miðað við fyrri ár?

Við getum verið nokkuð sátt við niðurstöðurnar. 4. bekkur er á svipuðu róli og síðustu tvö ár í íslensku en lækkar örlítið í stærðfræði. 7. bekkur hækkar verulega frá síðasta ári í íslensku og stærðfræði.

Hvernig stendur GRV mv. Landsmeðaltal eða annan samanburð?

Landsmeðaltalið er 30 og var 4. bekkur yfir landsmeðaltali í báðum greinum og 7. bekkur í stærðfræði. Það vantaði aðeins upp á íslenskuna sem var 28,6

Aðgerðaráætlun sem var unnin út frá niðurstöðunum?

Samræmd próf gefa vísbendingar um stöðu nemenda miðað við jafnaldra á landsvísu. Því er mikilvægt að greina niðurstöður prófanna og gera aðgerðaráætlun með það að markmiði að bæta árangur nemenda. Þeir þættir íslenskunnar og stærðfræðinnar sem koma ekki nógu vel út eru sérstaklega skoðaðir og leiðir til að bæta úr þeim settar fram. Sem dæmi verður lög áhersla á grunnþætti stærðfræðinnar og rúmfræðin tekin föstum tókum í 7. bekk. Í íslenskunni þarf að huga að breyttum áherslum í lestri, t.d. kenna lesskilning með markvissum hætti, láta nemendur lesa fjölbreyttari texta og taka heimlesturinn fastari tókum. Slík áætlun var einnig gerð í fyrra og er þetta vinnufyrirkomulag sem er komið til að vera.

5.mál

Breytingar á skóladagatali 2019-2020

Smávægileg breyting, litlu jólin verða haldin seinnipart 19. des. í stað morguns þann 20. des.

Ekki er búið að leggja fyrir skóladagatal 2019-2020, það er í vinnslu, verður kynnt á næsta skólaráðsfundi. Miðað við könnun um vetrarfrí sem lögð var fyrir foreldra, starfsfólk og nemendur stefnum við á að hafa tvö stutt vetrarfrí á hvorri önn.

6.mál.

Heimasíða – Skólanámskrá/Starfsáætlun

https://docs.google.com/presentation/d/1p5macmvntHImRJSb_5IZOJQhr27D5A0JXrhLIsuMHbs/edit#slide=id.g75a53764fe_0_0

Hvet meðlimi skólaráðs verða búnir að kynna sér heimasíðu skólans, starfsáætlun, skólanámskrá.

Næsti fundur febrúar 2020

Fundi slitið klukkan